



## Eimskipafélag Íslands, ýmis skjöl

---

Bjarni Benediktsson – Forsætisráðherra – Bréf – Eimskip – Dreifibréf – Jöfnunarhlutabréf – Um aukningu hlutafjár

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

*Einkaskjalasafn nr. 360*

*Stjórnmalamaðurinn*

Askja 2-34, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

SÍMNEFNI: EIMSKIP, REYKJAVÍK — SÍMI: 21460 - 15 LÍNUR

REYKJAVÍK, í desember 1967.

Heiðraði hluthafi,

## AUKNING HLUTAFJÁR.

Með bréfi Eimskipafélags Íslands, dagsettu í júlí 1967, voru yður send jöfnunarhlutabréf, þ.e. fríhlutabréf í Eimskipafélagi Íslands, þannig að hlutafjáreign yðar í Eimskipafélaginu hefir nú verið tvítugfölduð. Jafnframt voru yður sendar ákvarðanir aðalfunda Eimskipafélagsins 12.maí 1966 og 12.maí 1967 um aukningu hlutafjárins úr 33,6 milljónum króna í 100 milljónir króna.

Í hinni rækilegu greinargerð, sem fylgdi framangreindu bréfi Eimskipafélagsins, var tekið fram, að réttur hluthafa til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum, væri nokkrum takmörkunum háður. Hins vegar skyldu allir þeir, er hefðu greitt lofað hlutafjárframlag fyrir árslok 1967, njóta óskoraðs arðs af hlutafjáreign sinni, svo sem arðurinn verður ákveðinn á aðalfundi 1968.

Eimskipafélagið vill nú taka fram, að svo virðist sem unnt muni reynast að afgreiða pantanir hluthafa um aukningahluti að fullu, hversu háar sem þær verða. Er jafnframt vakin sérstök athygli á því, að þeir sem greiða pantanir sínar fyrir 31.des. 1967, njóta arðs af hlutabréfum fyrir allt árið 1967, eins og arðurinn kann að verða ákveðinn á aðalfundi 1968.

Með skírskotun til framanritaðs væntir Eimskipafélagið þess, að þér takið mál þetta til skjótrar athugunar og látið hlutabréfedeild Eimskipafélagsins vita, skriflega eða munnlega, um óskir yðar að því er kaup á aukningarhlutum snertir, og hvernig þér viljið greiða aukningarhluti þá, er þér þantið.

Virðingarfyllst,  
H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS.



T I L L A G A

félagsstjórnar og forstjóra um staðfestingu á ákvörðun aðalfundar 12. maí 1966, um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og aukningu hlutafjár, svohljóðandi:

- 1) Að H. f. Eimskipafélag Íslands neyti þeirrar heimildar, sem í skattalögum er veitt um útgáfu jöfnunarhlutabréfa, þannig að hlutafé félagsins verði tvöfaldað, þ. e. hækkað úr kr. 16.807.500.00 í kr. 33.615.000.00.

Útgáfa jöfnunarhlutabréfa fari fram að loknum aðalfundi 1967.

Felur fundurinn félagsstjórn að afhenda hluthöfum án endurgjalds jöfnunarhlutabréfin í réttu hlutfalli við skrásetta hlutafjáreign þeirra.

- 2) Að á árunum 1967 til 1. júlí 1971, verði stefnt að aukningu hlutafjárins um allt að 66,4 millj. króna, þannig að það verði samtals 100 millj. króna.

Felur fundurinn félagsstjórn að leita til núverandi hluthafa um þessa hlutafjáraukningu. Skal hluthöfum gefinn kostur á að kaupa aukningarhluti á nafnverði í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, og greiða þá með jöfnum afborgunum á fjórum árum frá 1. júlí 1967 að telja. Hlutabréf skulu gefin út um leið og greiðsla fer fram.

Að svo miklu leyti sem hluthafar hafa ekki skrifað sig fyrir aukningarhlutum fyrir árslok 1967, er félagsstjórn heimilt að selja hverjum sem er aukningarhluti fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er félagsstjórn ákveður.

G R E I N A R G E R Ð

- 1) Útgáfa jöfnunarhlutabréfa.

Í árslok 1961 nam hlutafé Eimskipafélags Íslands um 1,7 millj. króna, eða nánar tiltekið kr. 1.680.750.00. Á Alþingi 1962 voru samþykkt ný lög um tekju- og eignarskatt, sem hlutu staðfestingu sem l. nr. 70, 28. apríl 1962. Í þessum lögum var hlutafélögum veitt heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, þ. e. fríhlutabréfa eftir sérstökum reglum, án þess að útgáfa hlutabréfanna skapaði hluthöfum skyldu til greiðslu tekjuskatts, svo sem verið hafði samkv. skattalögum, sem gilt höfðu.

Á aðalfundi Eimskipafélagsins 2. júní 1962 var samþykkt, að neyta heimildar framangreindra laga um útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Var hlutafé félagsins tífaldað, þannig að hver hluthafi fékk endurgjaldslaust hlutabréf, sem námu að nafnverði 10 sinnum þeirri hlutareign, er hann hafði áður átt. Voru hin nýju hlutabréf gefin út 1. jan. 1963. Við þetta hækkaði hlutafé félagsins og varð rúmlega 16,8 millj. króna.



Á síðasta aðalfundi Eimskipafélagsins 12. maí 1966 var samþykkt með samhljóða atkvæðum, að gefa enn út jöfnunarhlutabréf, þannig að hlutafé félagsins yrði tvöfaldað, þ. e. hækkað úr 16,8 millj. króna í 33,6 millj. króna.

Þar sem hér er um breytingu á samþykktum Eimskipafélagsins að ræða, verður skv. 15. gr. samþykktanna að leita fullnaðarsamþykkis þessa aðalfundar um tvöföldun hlutafjárins.

Hljóti tillagan fullnaðarsamþykki aðalfundarins, hefir hver hluthafi fengið endurgjaldslaust hlutabréf, sem nema samtals tvítugfaldri þeirri hlutareign, er hann átti árið 1961. Er ekki vitað, að nokkurt hlutafélag á Íslandi annað en Eimskipafélagið, hafi gefið út jöfnunarhlutabréf í svo ríkum mæli.

Að athuguðu máli telur félagsstjórn og forstjóri Eimskipafélagsins, að arð beri í fyrsta sinn að greiða af hinum nýju jöfnunarhlutabréfum fyrir árið 1968, svo sem hann verður ákveðinn á aðalfundi 1969.

## 2) Aukning hlutafjár.

Svo sem 2. liður tillögunnar ber með sér, var á aðalfundi Eimskipafélagsins 12. maí 1966 samþykkt með meirihluta atkvæða, að á næstu fjórum árum yrði stefnt að aukningu hlutafjárins um allt að 66,4 millj. króna, þannig að hlutaféð verði samtals 100 millj. króna.

Ástæðan fyrir þessari samþykkt aðalfundarins var sú, að á næstu árum mun Eimskipafélagið ráðast í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir, byggingu nýrra skipa og byggingu nýtzku vöruheymsluhúss, auk kaupa á margs konar tækjum o. fl., o. fl. Þessi mál öll hafa verið rækilega athuguð af sérfróðum ráðunautum Eimskipafélagsins, innlendum og erlendum, og ber þeim öllum saman um, að mesta nauðsynjamálið sé að byggja sem allra fyrst vandað vöruheymsluhús með öllum nýtzkuútbúnaði. Hafa að undanfögnu staðið yfir samningar í þessu efni við hafnarstjórnann í Reykjavík. Er málum nú svo komið, að Eimskipafélagið mun mega vænta þess, að fá á næstunni heimild Hafnarsjóðs til byggingar vöruheymsluhúss á ákjósanlegasta athafnasvæði í austurhluta Reykjavíkurhafnar og þá jafnframt alla fyrirgreiðslu, er Hafnarstjórn getur látið í té, um byggingu á öðru athafnasvæði á Austurbakka. Er áætlað, að fyrsti áfangi hins fyrirhugaða vöruheymsluhúss kosti um 60 millj. króna.

Hin fyrirhugaða hlutafjárukning fer þannig fram:

A. Fyrst verður leitað til núverandi hluthafa, svo sem mælt er í 4. gr. samþykpta Eimskipafélagsins og þeim gefinn kostur á að kaupa aukningarhluti á nafnverði í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra og greiða þá með jöfnum afborgunum á 4 árum frá 1. júlí 1967 að telja. Þetta þýðir, að hluthafi, sem eftir útgáfu hinna nýju jöfnunarhlutabréfa, er orðinn eigandi að eitt þúsund króna hlut, á rétt á að kaupa tvö þúsund krónur af aukningarhlutum á nafnverði og greiða aukningarhlutina með jöfnum afborgunum á 4 árum, á tímabilinu 1. júlí 1967 til 1. júlí 1971.

Leggur félagsstjórn og forstjóri Eimskipafélagsins til, að þeir, sem greiða allt andvirði þessara hlutabréfa fyrir árslok 1967, þ. e. neyta ekki fjögurra ára greiðslufrestsins, skuli njóta arðs af bréfunum fyrir allt árið 1967, eins og hann verður ákveðinn á aðalfundi 1968.

Þá er ennfremur lagt til, að þeir hluthafar, sem neyta gjaldfrestsheimildar, skuli, ef þeir greiða tilskilda afborgun fyrir 1. júlí á greiðsluárinu, njóta arðs af hlutabréfi eða hlutabréfum, sem gefin verða út fyrir greiðslunni, fyrir allt greiðsluárið. Þeir, sem hins vegar greiða ekki tilskilda afborgun fyrir 1. júlí á greiðsluárinu, njóta ekki arðs af hlutabréfi það ár, er greiðsla fer fram.

B. Samkvæmt hluthafaskrá eru hlutabréf í Eimskipafélaginu nú um 14400, en hluthafar um 10000. Hinn 1. apríl 1967 höfðu um 16% fyrri jöfnunarhlutabréfa ekki verið sótt til félagsins. Er þannig víst, að í árslok 1967 mun vanta mikið á að hluthafar hafi skrifað sig fyrir hinni fyrirhuguðu hlutafjárukningu allri. Hluthöfum er því rétt að tilkynna Eimskipafélaginu, hve mikið af hlutabréfum þeir vilja kaupa, auk þeirra hluta, sem um getur í A-lið. Um þessa hluti verður reynt að beita reglum A-liðs, eftir því sem fært reynist. Hér athugast þó, svo sem tekið er fram í A-lið, að hluthafar eiga aðeins rétt á að kaupa aukningarhluti í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra. Dæmi: Hluthafi, sem á eitt þúsund króna hlut, hefir rétt til að kaupa hluti að nafnverði allt að 4 þús. krónum (2 þús. kr. samkv. A-lið og allt að 2 þús. krónum samkv. B-lið).

C. Fyrirhugað er, að hin nýju jöfnunarhlutabréf verði send hverjum hluthafa í ábyrgðarbréfi um eða eftir 1. júlí 1967. Samtímis verður hluthafanum send samþykkt aðalfundar 1967, ásamt sérstöku eyðublaði, er endursendist Eimskipafélaginu sem allra fyrst og alls ekki síðar en 31. des. 1967. Á eyðublaðið ber hluthafa að skrifa pöntun sína á aukningarhlutum. Vilji hluthafi kaupa aukningarhluti **umfram** það, sem greinir í A- og B-lið, skal þess sérstaklega getið. Tekur félagsstjórn síðan ákvörðun um óskir hluthafa í þessu efni, þ. e. hve mikinn aukningarhlut hluthafinn fær að kaupa, verð hlutar og greiðsluskilmála.

Svo sem greinargerð þessi sýnir, er það einróma vilji félagsstjórnar og forstjóra Eimskipafélagsins, að hin fyrirhugaða hlutafjárukning falli öll til núverandi hluthafa félagsins. Þar sem hér er hins vegar um mjög fyrirhafnarsama framkvæmd að ræða, er nauðsynlegt, að hluthafar sendi félaginu hið allra fyrsta og alls ekki síðar en 31. desember 1967, tilkynningu um fyrirhuguð kaup á aukningarhlutum. Bregðist þetta, mun Eimskipafélagið leita til annarra um kaup á aukningarhlutum.

Tillaga þessi var endanlega samþykkt á aðalfundi H. f. Eimskipafélags Íslands 12. maí 1967.



H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS  
HLUTABRÉFASKIPTI

Nr. 4378

**ÁBYRGÐARBRÉF**

*Sh. Bjarni Benediktsson ráðgjafi,  
Háskúli 14, Reykjavík*

Hér með sendum vér yður eftirfarandi hlutabréf í H.f. Eimskipafélagi Íslands, sem gefin eru út samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins h. 12. maí 1966 og 1967:

A-flokkur	( 250 kr.)	nr. ....	kr. ....
B-flokkur	( 500 — )	— .....	— .....
C-flokkur	( 1000 — )	— .....	— .....
D-flokkur	( 5000 — )	<i>439</i> .....	<i>5.000.-</i>
E-flokkur	( 10.000 — )	<i>401-402</i> .....	<i>10.000.-</i>
F-flokkur	( 50.000 — )	— .....	— .....
G-flokkur	( 100.000 — )	— .....	— .....
			Samtals kr. <u><i>25.000.-</i></u>

Reykjavík, 25. ág. 1967 196

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS



# H.F. EIMSKIPAFJELAG ÍSLANDS

SÍMNEFNI: EIMSKIP, REYKJAVÍK — SÍMI: 21460 - 15 LÍNUR

REYKJAVÍK, í júlí 1967.

Háttvirtu hluthafi,

## JÖFNUNARHLUTABRÉF OG AUKNING HLUTAFJÁR.

H.f. Eimskipafélag Íslands hefir nú starfað í hálföld og 3 árum betur. Það var stofnað með almennari þátttöku Íslendinga en þekkt hefir um nokkurt félag á Íslandi, fyrr eða síðar. Þegar bréf þetta er skrifað, eru skráðir hluthafar samkvæmt hluthafaskrá félagsins tíu þúsund talsins. Sé nokkurt íslenskt hlutafélag almenningshlutafélag, þ.e. eign almennings hér á landi, þá er það Eimskipafélag Íslands.

Hlutafé Eimskipafélagsins var tæpar 1,7 millj.króna. Á árinu 1962 var ákveðið að tífalda hlutaféð, þannig að það varð 16,8 millj.króna. Þessi aukning hlutafjárins fór fram með þeim hætti, að í ársbyrjun 1963 fékk hver hluthafi endurgjaldslaust hlutabréf, sem voru að nafnverði 10 sinnum hærri en hlutabréf þau, er hann áður átti.

Nú hefir enn verið ákveðið að tvöfalda þetta hlutafé, og verður þá hlutafé Eimskipafélagsins 33,6 millj. króna. Þessi hlutafjáraukning fer fram með sama hætti og áður, þ.e. hluthöfum verða afhent ný jöfnunarhlutabréf, sem nema að nafnverði sömu fjárhæð og bréf þau, er hluthafar áttu áður.

Yður er hér með sent hlutabréf í samræmi við þetta. Hafið þér þá, svo sem aðrir hluthafar Eimskipafélagsins, fengið endurgjaldslaust hlutabréf, sem eru að nafnverði 20 sinnum hærri en hlutareign yðar var, er útgáfa jöfnunarhlutabréfa hófst. Er ekki vitað um neitt íslenskt hlutafélag, sem afhent hefir hluthöfum sínum án endurgjalds jöfnunarhlutabréf í jafnríkum mæli og Eimskipafélagið hefir gert.

Eimskipafélag Íslands hefir allt frá stofnun gegnt forystuhlutverki í siglingamálum Íslendinga. Á félagið nú



samtals 12 skip. Hefir ekkert verið sparað til að skipin séu jafnan eins traust og vönduð og frekast verður á kosið.

Á árinu 1966 fóru skip félagsins og leiguskip 200 ferðir milli Íslands og útlanda, auk þess sem skipin áttu um 12 hundruð viðkomur á höfnum úti á landi.

Á sama ári voru vöruflutningar Eimskipafélagsins um 420 þús. tonn. Af þessu vörumagni fluttu skip Eimskipafélagsins 3/4 hluta en leiguskip 1/4. Af skipastóli Eimskipafélagsins eru 6 skip útbúin til frystiflutninga og munu þau geta flutt um 70 - 80 þús. tonn af frystum vörum á ári.

Á árinu 1966 voru í þjónustu Eimskipafélagsins um 900 starfsmenn. Heildarreksturskostnaður félagsins varð á því ári um 560 millj. króna, þar af námu launagreiðslur, sem inntar voru af hendi í skrifstofu félagsins í Reykjavík, rúmlega 200 millj. króna. Við þetta bætast launagreiðslur vegna fermingar og affermingar skipa o.fl., í höfnum úti á landi og erlendis, og er hér um stórfé að ræða.

Þessar tölur tala sínu máli. Þær sýna betur en nokkuð annað, að Eimskipafélagið er með allra stærstu atvinnufyrirtækjum hérlendis.

Eimskipafélagið vill um ókomin ár vera eign allra Íslendinga og þjóna hagsmunum lands og þjóðar. Félagið hefir áformað stórfelldar framkvæmdir á næstu árum og ber þar hæst bygging nýrra skipa og bygging vandaðra vörugeymsluhúsa, þar sem öll nútíma tæki yrðu tekin til notkunar um hverskonar bætta tækni í afgreiðslu og meðferð varnings. Allar hinar fyrirhuguðu framkvæmdir kosta að sjálfsögðu stórfé. Af þessum sökum hefir Eimskipafélagið ákveðið að stefna að aukningu hlutafjár félagsins á næstu árum, þannig að það verði 100 millj. króna. Eimskipafélagið vill að sjálfsögðu veita hluthöfum sínum forgangsrétt að aukningu hlutafjárins. Er hluthöfum bent á, að kynna sér rækilega tillögu þá, er hlaut samþykki aðalfundar félagsins 12.maí 1967, um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og aukningu hlutafjár, svo og greinargerð þá, er tillögunni fylgir.

Bréfi þessu, sem sent er yður sem ábyrgðarbréf, fylgja þessi skjöl:

- 1) Jöfnunarhlutabréf yðar, er nema sömu fjárhæð og núverandi hlutareign yðar ásamt arðmiðum til ársins 1988.
  - 2) Framangreind samþykkt aðalfundar Eimskipafélagsins 12.maí 1967, um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og aukningu hlutafjár.
  - 3) Eyðublað um pöntun yðar á aukningarhlutum. Þess er vinsamlega óskað, að þér útfyllið eyðublaðið í samræmi við efni þess, og undirritið það síðan. Er yður að sjálfsögðu heimilt að panta eins mikið af aukningarhlutum og þér óskið og mun óskum yðar í því efni verða fullnægt eftir því sem ástæður leyfa.
- Pöntunarseðilinn má leggja í meðfylgjandi umslag til Eimskipafélagsins og senda síðan í pósti eða á annan hátt. Umslagið má póstleggja án þess að frímerkja það.
- Nauðsynlegt er, að pöntun yðar berist Eimskipafélaginu svo fljótt sem kostur er, og er sérstök athygli vakin á fríðindum þeim, er til þeirra falla, sem greiða lofað hluta-fjárframlag að fullu fyrir árslok 1967.
- 4) Loks fylgir afmælisrit Eimskipafélagsins, í máli og myndum, gefið út í sambandi við 50 ára afmæli félagsins.

Virðingarfyllst,  
H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS.

*Guðmundur P. Guðmundsson*  
formaður

*Þóroddur Þóroddsson* *Thor. Thors*

*Halldór G. Guðmundsson* *Ingvar Þórnýsson*

*Helgi Eggertsson* *Gretti Eggertsson*

*Páll Somundsson*

*Ottar Möller*  
forstjóri



Undirritaður hluthafi í H.f. Eimskipafélagi Íslands óskar að kaupa aukningarhluti í félaginu að upphæð kr. .... samkvæmt hlutaútboði félagsins dags. í júlí 1967, og þeim skilmálum, sem lýst er í tillögu, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins h. 12. maí 1967, og greinargerð er fylgdi tillögunni.

Fullnaðargreiðsla aukningarhlutanna kr. .... fylgir hér með (strikist út, ef óskað er afborgunargreiðslu).

Andvirði aukningarhlutanna óska ég að greiða með afborgunum þannig:

Fyrsta afborgun (1/4 hluti) ..... kr. ....

fylgir hér með.

Eftirstöðvarnar greiðast þannig:

2. afbh. h. .... 19 ..... greiðast ..... kr. ....

3. afbh. h. .... 19 ..... greiðast ..... kr. ....

4. afbh. h. .... 19 ..... greiðast ..... kr. ....

Samtals kr. ....

1967

(undirskrift hluthafa)

(heimilisfang)

Sé þess óskað að aukningarhlutabréfin verði skráð á annað nafn (eða önnur nöfn) en það sem skráð er jöfnunarhlutabréfin, sem þér hafið fengið, óskast það tilgreint hér:

Nafn:

Heimilisfang:

Upphæð kr.

.....

.....

.....

.....

.....